

Uppeldisstarf í leikskólum Reggio Emilia á Ítalíu

Hundrað er víst til!

Barn

er á hundrað vegu.

Barn á sér

hundrað tungumál

hundrað hendur

hundrað hugsanir

hundrað aðferðir við að hugsa

leika sér og tala

alltaf hundrað aðferðir við að hlusta

undrast, hrífast,

hundrað langanir til

að syngja og skilja

hundrað heima

til að kanna

hundrað heima

til að töfra fram.

Barnið á sér

hundrað tungumál

og mörg hundarð til viðbótar

en níutíu og níu eru frá því tekin.

Skólinn og menningin

skilja höfuðið frá bolnum.

Maður biður börn:

Að hugsa án handa

að framkvæma án höfuðs

að hlusta en ekki tala

að skilja án gleðinnar sem

felst í því að hrífast og undrast

oftar en á páskum og jólum.

Maður biður þau:

Að kanna heiminn sem er þegar til staðar

og af hundrað

eru níutíu og níu frá þeim tekin.

Maður segir þeim:

Að leikurinn og vinnan

hið raunverulega og hið ímyndaða

vísindin og hugarflugð

himininn og jörðin

skynsemin og draumarnir

séu fyrirbrigði

sem standast ekki.

Maður segir þeim

að hundrað sé ekki til

en barnið segir:

Jú, hundrað er víst til!

Loris Malaguzzi

Sagan:

Heimstýrjöldinni lauk en Evrópa var í sárum. Efnahagskerfið var rjúkandi rúst, en þótt jörðin væri sviðin tóku jurtir að blómstra þar sem andinn reyndist efninu yfirsterkari.

Ítalskar mæður í Reggio Emilia hófu að byggja börnum sínum leikskóla þar sem þær höfðu áhyggjur af framtíð barna sinna. Til að hlúa að velferð barnanna réðust þær í þetta stóra verkefni. Íbúarnir aðstoðuðu þær við byggingu skólans rétt utan við Reggio Emilia í Villa Cella. Einkunnarorð skólans var „aldrei framar fasismi“. Upphafleg stefna skólans grundvallast af þessum orðum og hugmyndafræði Reggio Emilia byggist á þessum orðum ennþá dag í dag, s.s. lýðræði framar öllu.

Fyrsti foreldrarekni leikskólinn hét „XXV Aprile“, hann er upphafið að öllum þeim skólum sem fylgdu í kjölfarið.

Loris Malaguzzi: (1920-1994)

Upphafismaðurinn að baki því uppeldisstarfi sem kennt er við borgina Reggio Emilia, er Ítalinn Loris Malaguzzi, en hann var kennari og sálfræðingur að mennt.

Hann kom í heimsókn til Reggio Emilia á þeim tíma er verið var að koma fyrsta lýðræðisleikskólanum á koppinn. Hann var einn af sjálfboðaliðum hreyfingarinnar og tók þátt í byggingaframkvæmdinni. Þegar skólinn var tilbúinn var hann ráðinn ráðunautur skólans.

Hugmyndafræði Malaguzzi voru byggð á helstu kenningum þroskasálfræði tuttugustu aldar, sem hann þróaði áfram með rannsóknum og athugunum.

Með eigin hugmyndafræði leitaði Malaguzzi m.a. í verkhyggjukenningu John Deweys, „learning by doing“, vitþroskakenningu Jean Piagets, sem grundvallast á því að „ný reynsla byggist alltaf á þeirri sem fyrir er“. Báðar kenningarnar leggja ríka áherslu á að barn sé ekki smækkuð mynd af fullorðnum, og barn á að fá að njóta bernsku sinnar, vera það barn sem það er á eigin forsendum. Börnin eiga að fá að dafna og blómstra í heimi hinna fullorðnu og þroskast í félagi við eldra og reyndari fólk.

Samkvæmt Malaguzzi á að líta á listina sem aðferð til að þroskast og nálgast viðfangsefni. Listgreinar eru samþættar starfi og leik, ekki á að kenna þær sem afmarkaða faggrein. Markmiðið er ekki að skapa framtíðarlistamenn heldur að opna augu barnsins fyrir fegurðinni sem í listinni býr, svo barnið megi njóta hennar sem best og verða skapandi virkur lífslistamaður.

Hugmyndafræði Malaguzzi ber að líta á sem leiðarljós í uppeldisstarfi og hafa í huga að hún er „barn síns tíma“ eins og Vygotsky komst að orði, þ.e. síbreytileg og í stöðugri framþróun. Það kemur hins vegar fram í hugmyndafræði Malaguzzis, að ekki beri að líkja eftir henni gagnrýnislaust. Slíkt myndi ganga að öllu köpunarstarfi og framþróun dauðum.

Viðhorf, reynsla og þekking sem börn tileinka sér tekur ávallt mið af þeirri menningarleifð og samfélagsgerð sem þau búa við. Sú uppeldislega sýn sem Reggio Emilia byggist á er ábending um leiðir sem við getum farið. Í öllu uppeldisstarfi ber að hlúa að menningarverðmætum og aðlaga starfið að þeirri samfélagsmenningu sem barnið býr yfir. Hver skóli hefur sín séreinkenni en sá hugmyndafræðilegi grundvöllur er ávallt sá sami, þ.e. virkja auðlegð bernskunnar og málin hundrað með skapandi uppeldi og kennslu.

Reggio Emilia:

Í leikskólum Reggio Emilia eru ekki starfandi leikskólastjórar heldur leikskólaráð. Leikskólaráðið saman stendur af foreldrum, starfsmönnum og fólki úr umhverfi leikskólans. Borgin rekur alla leikskólana sem byggjast á sameignlegri hugsjón og hugmyndafræðilegri sýn. Sjö leikskólaráðgjafar hafa faglega umsjón með leikskólunum.

Hugmyndafræðin:

Barnið hefur hundarð mál en níutíu og níu eru frá þeim tekin.....

Lykilhugmynd Reggio Emilia hugmyndafræðinnar er myndin af barninu sem frá fæðingu er upptekið af því að þróa samband sitt við umheiminn. Barnið beitir fjölbreyttum aðferðum til að upplifa hann, skilja og skynja á hundrað vegu.

Skynjun tengir hluti saman. Það að syngja, tala, mála, dansa, teikna, uppgötva, rannsaka og íhuga og að komast að niðurstöðu í gegnum leik og sköpun er háð skynjunarhæfileikum hvers og eins. Þessa frumþætti ber að vernda, rækta og virkja með hverju barni. Í félagi við aðra lærir barn að endurskoða afstöðu sína og setja fram tilgátur. Barnið lærir að sjá tilfinningar sínar og skoðanir og að virða og hlusta á skoðanir annarra. Sjálfstjáníng barnsins er ekki síður mikilvæg en hið talaða orð, því er brýnt að virkja skynfæri barnsins og gera því kleift að nýta hæfni sína til að skynja og skilja ólíka þætti tilveru sinnar. Athafnir og orð spretta upp af hugmyndum, framkvæmdum og á samhengi hlutanna – á hundrað vegu.